

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Austur-Eyjafjallahrepps að fasteignum innan sveitarfélagsins.

1. gr.

Samkvæmt heimild í 26. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, sbr. lög nr. 22/1932, hefur hreppsnefnd Austur-Eyjafjallahrepps samþykkt að áskilja hreppnum vegna gerðar aðal- og deiliskipulags forkaupsrétt að þeim lóðum, jörðum og fasteignum, sem um er getið í samþykkt þessari.

2. gr.

Forkaupsréttur samkvæmt 1. gr. tekur til eftirtalinna fasteigna, ásamt lóðarleigu-réttindum.

Eign:

Staðgreinir í fasteignamati:

Steinar 3, íbúðarhús	68001
Steinar 3, verslunarhús	68001
Steinar 1, söluskáli	66001
Verkstæðishús Búnaðarfélags	76001
Hrútafell, verksmiðjuhús	28001
Skarðshlíð 2, verslunarhús	60001
Skarðshlíð 3, íbúðarhús	64000
Skarðshlíð, samkomuhús	99902
Leirur 2, íbúðarhús	40000
Fosstún	31512
Dýralæknisbústaður	31519
Ytri-Skógar, hesthús	31500
Ytri-Skógar, hús P.J.	31508
Ytri-Skógar, hús S.S.	31511
Ytri-Skógar, hús P.F.	31506
Ytri-Skógar, heimavistarhús/íb.	31504
Ytri-Skógar, heimavistarhús/íb.	31503
Ytri-Skógar, skólahús	31502
Ytri-Skógar, bílskúrar	31502
Ytri-Skógar, hús A.J.	31509
Ytri-Skógar, hús P.F.	31505
Ytri-Skógar, safnahús	31501

3. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í fimm ár frá dagsetningu hennar að telja.

Umhverfisráðuneytið, 11. júní 1992.

F. h. r.

Þórður H. Ólafsson.

Hrafn Hallgrímsson.